



Termix VX tengigrind

Tengigrind fyrir lokuð hitakerfi íbúðar- og sumarhúsa

Notkun

Víða á Íslandi eru uppleyst efni í hitaveituvatninu sem notað er til hitunar eða neyslu. Þessi efni geta valdið útfellingum í lögnum og stjórnþúnaði. Yfirleitt eru þessi efni talin skaðlaus, en með tímanum fara þau að hafa áhrif á stjórnþúnað hitakerfa og trufla þannig virkni stjórnþúnaðarins. Hægt er að komast hjá þessu með því að nota varmaskipti sem notar "óhreina" hitaveituvatnið til þess að hita upp hreint ferskvatn til upphitunar í lokuðu hringrásahitakerfi.

VX tengigrindin er með einum varmaskipti, til notkunar fyrir t.d. lokuð ofna- eða gólfhitakerfi. Þetta kemur ekki aðeins í veg fyrir að útfellingar trufla stjórnþúnað kerfanna, heldur minnka lokuð kerfi stórlega líkur á tæringarvandamálum með tilheyrandi vatnstjónum.

Búnaður

VX tengigrindin er til í tveim mismunandi útfærslum. Önnur gerðin (sjá mynd hér að ofan) er með hefðbundnum AVTB hitastilli, búnaður með áratuga reynslu við íslenskar hitaveituaðstæður.

Hin gerðin er með ECL stjórnstöð og mótorkoka. Þessi útfærsla er heldur dýrari, en með henni fæst mun nákvæmari hitastýring í húsnæðinu vegna þess að ECL stjórnstöðin stýrir með tilliti til útihitastigs.

Sérstök athygli er vakin á því að Danfoss framleiðir margar gerðir af tengigrindum, t.d. sem aðeins eru fyrir heitt neysluvatn, snjóbræðslur, ofna- eða gólfhitun og grindur sem eru bæði fyrir neysluvatn og hitun í húsnæði af hvaða stærð og gerð sem er.



Efni

Öll rör og plötur í varmaskipti VX tengigrindarinnar eru úr ryðfríu stáli. Allar roratengingar eru skrúfaðar og með völdum gæðapéttingum.

Þá er einnig hægt að fá snyrtilegan skáp úr hvítlökkuðu blikki til þess að hylja grindina á veggnum (sjá mynd að ofan).

VX tengigrindin er, eins og allar tengigrindur frá Danfoss, afar auðveld í uppsetningu og notkun.


Helstu eiginleikar

- Minni tæringarhætta
- Minni hætta á vatnstjónum
- Fæst með ECL stjórnstöð
- Sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður
- Vönduð vara úr ryðfríu efni
- Hentar jafnt íbúðarhúsum sem sumarhúsum

Termix VX tengigrind



Tengimynd - dæmi




Tæknilýsing:

Vinnuþrýstingur:	PN 16
Hitastig veituvatns:	$T_{max} = 120\text{ °C}$
Lóðefni í varmaskiptir:	Kopar
Þyngd með hlíf:	30 kg með umbúðum
Mál án hlífar:	H 750 x B 500 x D 360
Mál með hlíf:	H 800 x B 540 x D 430
Efni í hlíf:	Hvítlakkað blikk
Hitastillir:	AVTB 30 - 100 °C
Varmaskiptir í VX - 3:	XB24-H 24
Varmaskiptir í VX - 4:	XB24-H 40
Varmaskiptir í VX - 5:	XB24-H 50
Hringrásardæla:	Grundfos UPS 15 x 60 130

Stærðir tenginga:

Hitaveita framrás (1)	20 mm hlaupró
Hitaveita bakrás (2)	20 mm hlaupró
Hringrásarkerfi framrás (3)	20 mm hlaupró
Hringrásarkerfi bakrás (4)	20 mm hlaupró



Málsetning á tengingum séð ofan frá

Nánari upplýsingar um stjórnbúnað er að finna á hitasíðu Danfoss <http://hiti.danfoss.is/>

Hitakerfi afköst

Gerð tengigrindar	Afköst kW	Hlið 1 hitaveita °C	Hlið 2 hringrás °C	Hlið 1 þrýstifall kPa	Hlið 2 flæði l/min
IS995003 VX - 3	8	65/35	60/30	10	3,84
	10	70/35	63/30	10	4,40
	15	75/35	65/30	10	5,82
IS995004 VX - 4	14	65/35	60/30	10	6,60
	18	70/35	63/30	10	7,80
	27	75/35	65/30	10	11,40
IS995006 VX - 5	22	65/35	60/30	10	10,40
	29	70/35	63/30	10	13,00
	43	75/35	65/30	10	18,40

Ofangreind afköst miðast við vatn í báðum hliðum varmaskiptis

Danfoss hf • Skútuvogi 6 • 104 Reykjavík • Sími 510 4100 • www.danfoss.is

Danfoss hf tekur ekki ábyrgð á hugsanlegum villum í bæklingum eða öðru prentuðu máli. Danfoss áskilur sér allan rétt til breytinga á framleiðslu sinni, án undangenginnar viðvörunar, þar á meðal á vörum sem eru í þöntun, svo framarlega sem það veldur ekki breytingum á umsömdum gildum. Öll vörumerki í tæknilyðingunum tilheyra viðkomandi fyrirtækjum. Danfoss nafnið og Danfoss vörumerkið eru eign Danfoss A/S. Öll réttindi áskilin.